



stofnanir á sviði náttúrufræða, svo sem Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Íslenskar orkurannsóknir, Landbúnaðarháskóla Íslands, náttúrustofur, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands og Veiðimálastofnun. Ljóst er þó að samstarfið við Náttúrufræðistofnun Íslands verður safninu einkar mikilvægt, sem og afnot af safnkosti þess og nýting þeirra rannsókna sem þar eru stundaðar.

Í öðru lagi leggur nefndin til þrjár breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi leggur nefndin til skýrara orðalag í upphafi 2. mgr. Þannig er lagt til að í stað orðsins „sýningarmunir“ verði talað um muni sem henta starfsemi safnsins. Ástæðan er sú að allir munir sem eru hjá söfnum eru skráðir og flokkaðir sem safnmunir. Með orðalaginu „að munir henti starfsemi safnsins“ er nefndin að skerpa skilin á milli safnahlutverks Náttúruminjasafnsins annars vegar og vísindastarfs Náttúrufræðistofnunar hins vegar, sem einnig felst að hluta til í söfnun. Ekki er gert ráð fyrir að stefnt sé sérstaklega að því að á Náttúruminjasafni Íslands verði komið upp sérstöku vísindasafni heldur byggist safneign þess sjálfs á þeim munum sem best henta fræðslu- og sýningarstarfi þess, sbr. 2. mgr. 2. gr. Þá er lögð til orðalagsbreyting í 2. mgr. á rannsóknarhlutverki safnsins þannig að ljóst sé að það skuli stunda rannsóknir á starfssviði sínu. Að lokum er lögð til orðalagsbreyting í 4. mgr.

Í þriðja lagi leggur nefndin til tvær breytingar á 3. gr. frumvarpsins. Sú fyrri er að ekki verði kveðið á um í 1. mgr. að Náttúrufræðistofnun annist að verulegu leyti rannsóknarskyldu Náttúruminjasafnsins, og er hún í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á 8. gr. frumvarpsins þar sem skerpt er á skilum á milli starfssviða þessara stofnana. Með síðari breytingartillögu nefndarinnar er lögð til orðalagsbreyting á 2. mgr.

Í fjórða lagi er lögð til orðalagsbreyting á 5. gr. frumvarpsins þannig að í stað orðsins „starfsemi“ verði fjallað um þekkingu forstöðumanns á starfssviði safnsins. Ekki þykir rökrétt að ætla umsækjanda um starf forstöðumanns sérstaka þekkingu á sjálfri starfsemi safnsins frá degi til dags. Hins vegar er eðlilegt að gera kröfur um staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Að lokum leggur nefndin til þá breytingu á ákvæði til bráðabirgða að orðin „en ekki vísindagildi“ falli brott þar sem hægt er að fullyrða að gripir sem hafa fyrst og fremst sýningar-gildi geti einnig haft vísindagildi.

Í tilefni af ákvæði til bráðabirgða vill nefndin benda á að hinn 16. júní 1947 gerðu stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið með sér samning, sbr. fylgiskjal, þar sem m.a. var kveðið á um að stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhenti ráðuneytinu f.h. ríkissjóðs náttúrugripasafn félagsins til fullrar eignar og umráða, ásamt sjóði þeim er félagið hafði myndað í því skyni að reisa safninu hús, svo og bækur, áhöld, skjöl og allt annað, er safninu hafði fylgt og fylgir. Auk þessa afhenti félagið einnig allt það er varðaði fugla-merkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritsins Acta naturalia islandica. Fram kom í samningnum að í staðinn hafi menntamálaráðuneytið m.a. skuldbundið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinni nýju náttúrugripasafnsbyggingu. Telur nefndin eðlilegt að tekið sé tillit til þessa samnings við ákvörðun um safnkost Náttúruminjasafns Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Kolbrún Halldórsdóttir skrifar undir álitid með fyrirvara.

Magnús Þór Hafsteinsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur álitum þessu.

Alþingi, 7. mars 2007.

Sigurður Kári Kristjánsson,  
form., frsm.

Dagný Jónsdóttir.

Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Björgvin G. Sigurðsson.

Einar Már Sigurðarson.

Kjartan Ólafsson.

Mörður Árnason.

Sæunn Stefánsdóttir.

Kolbrún Halldórsdóttir,  
með fyrirvara.

## Fylgiskjal.

S a m n i n g u r

um náttúrugripasafnið.

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags og menntamálaráðuneytið gjöra með sér svofelldan samning:

Stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags afhendir hér með menntamálaráðuneytinu f.h. ríkissjóðs náttúrugripasafni félagsins til fullrar eignar og umræða, ásamt sjóði þeim, að fjárhæð kr. 82,396,21 - áttatíu og tvö þúsund þrjú hundruð níutíu og sex 21/100 - er félagið hefur myndað í því skyni að reisa safnið hús, svo og bakur, áhöld skjöl og allt annað, er samnið hefur fylgt og fylgir. Félagið afhendir einnig allt það, er varðar fuglamerkingastarfsemi félagsins og útgáfu vísindaritans "Acta naturalia islandica".

Í staðinn skuldbindur menntamálaráðuneytið sig til að láta Hinu íslenska náttúrufræðifélagi í té ókeypis eitt herbergi í hinn nýju náttúrugripasafnsbyggingu, er varð skrifstofa félagsins og aðalbækistöð. Enniræmur skal félagið fá ókeypis hentugt og hæfilegt geymslurúm í neyðri safnbyggingu fyrir upplag tímaritanna Náttúrufræðingsins, Flóru Íslands, ársskýrslu félagsins og annarra rita, er félagið kann að gefa út og nánar semst um. Þá skal félagið og íá ókeypis afnot af kennsluáál hinnar fyrirhuguðu náttúrugripasafnsbyggingar til fundahalda sinna, eftir nánara samkomulagi þegar smíði hússins er lokið. Félagar í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi skulu fá ókeypis aðgang að náttúrugripasafninu.

Framangreind afhending miðast við 1. janúar 1947.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða frumritum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

REYKJAVÍK, 16., júní 1947.

*Eysteinn Jónsson*  
menntamálaráðuneyri.



F.h. Hins ísl. náttúrufræðifélags:

*Sigrður Þienins*  
*Guðrún Þorláksson*  
*Guðrún Þorláksson* *Sigrður Þienins*